



ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR LH STARFSÁRIÐ 2021

Æskulýðsnefnd LH 2020-2022

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA



EFNISYFIRLIT

Æskulýðsnefnd LH	3
Starfsárið 2021.....	3
Fundarherferð 2021	3
FEIF Youth	4
Hestfest.....	4
Æskulýðsbíkar LH.....	5



ÆSKULÝÐSNEFND LH

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir formaður
Helga Björg Helgadóttir, ritari
Guðrún Linda Björgvinsdóttir, meðstjórnandi
Lilja Björk Reynisdóttir, meðstjórnandi
Sjöfn Sæmundsdóttir, meðstjórnandi

STARFSÁRIÐ 2021

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldin 17. febrúar og hefur fundað það sem af er ári alls 9 sinnum. Strax á fyrsta fundi kom upp sú hugmynd að fara í fundarherferð um landið en í ljósi Covid var ákveðið að nýtast við tæknina og halda fjarfundi. Æskulýðsnefnd hefur þar sem af er ári fundað alls 9 sinnum. Það hafa verið ýmsar hugmyndir uppi innan nefndarinnar varðandi hvað hægt er að gera til að efla félagsandann innan aðildafélaga. Einnig hvað hægt væri að gera til að efla Trek sem keppnigreini fyrir alla aldurhópa. Nefndin mun halda áfram að leita leiða til að hjálpa við að efla félagsandann, auka samstöðu félaganna fyrir íþróttagreininna í heild sinni og halda nýliðunarmálum á lofti.

FUNDARHERFERÐ 2021

Æskulýðsnefnd hélt alls fjóra fjarfundi. Nefndin skipti landinu upp eftir landshlutum og var æskulýðsfulltrúm aðildarfélaga LH boðið til fundar við nefndina. Nefndin kynnt sig, sagði frá hlutverki sínu, kynnti starf æskulýðsnefndar FEIF, fjallaði um FEIF Youth Camp og Cup, kynnti afreksstefnu LH og fjallaði um hæfðileikamótunina og U21 landsliði. Einnig fóru fram umræður um nýliðunarmál auk þess sem nefndin leitaði eftir hvað félögin myndi vilja að nefndin hjálpaði félögin við.

Mæting var misjöfn en allt voru þetta mjög gagnlegir fundir. Mikil umræða var um nýliðunarmál og sögðu félögin frá því hvernig þeim væri háttað hjá þeim í dag og er mjög misjafn hvernig þau mál standa í dag auk menntamála. Mörg félög er til að mynd að bjóða upp á knapamerkin og sum hver þá í samstarfið við skólana í sínum sveitafélögum. Mörg félög halda úti námskeiðum, þá gjarnan almennum og keppnisnámskeiðum auk þess sem allmörg



eru að bjóða einnig upp á byrjendanámskeið. Mikið var rætt um þá stefnu að fara horfa á félögin sem íþróttafélög og að félögin þurfi að stefna enn meira að því að vera samkeppnishæf við aðrar íþróttagreinar og byrja æfingar fyrr eða á samt tíma og aðrar íþróttir svo þau missi ekki krakkana frá sér í aðrar íþróttir. Var í því samhengi bæði rætt um reglubundnar og markvissar æfingar og knapamerkin. Þá skapaðist umræða um með hvaða hætti sveitafélögin á landinu eru að styrkja og styðja við starf félaganna og er það mjög misjafnt. Eins var mikið rætt um félagshesthús og gagnsemi þeirra í nýliðunarstarfinu. Einnig mátti heyra mikinn áhug á Trek sem keppnisgrein auk þeirrar umræðu að bjóða þyrfti upp á fleiri flokka fyrir unglina. Kom fram í umræðunni þörf fyrir að bjóða upp á flokk fyrir minna vana unglina því það virðist sem unglingar veigri sér við að byrja keppa þar sem fyrir eru oft krakkar sem hafa miklar keppnisreynslu og þau óreyndari eigi einfaldlega ekki séns. Kom fram á fundunum áhugi nefndarinnar að fara í frekari fundarherferð og fá fulltrúanna með í að móta stefnu í nýliðunarmálum. Nefndin stefnir á að halda áfram að vinna með fulltrúunum að þessum brýnu málum.

FEIF YOUTH

Í ár hefði átt að halda FEIF Youth Camp í Finnlandi en sökum COVID-19 var ákveðið að fresta því til ársins 2023. Í fyrra hefði átt að halda FEIF Youth Cup í Sviss en því var frestað til 2022 og vonum við að aðstæður komi til með að vera starfinu hagstæð og að það nást að halda Cup mótið á næsta ári.

HESTFEST

Í sumar átti Æskulýðsnefnd Landssamband Íslenska hestsins í Hollandi frumkvæði að því að halda viðburðarröð innan félaga FEIF sem bar heitið Hestfest. Sjöfn tók verkefnið að sér fyrir hönd nefndarinnar og voru tveir dagar sem Ísland hélt úti Instagram reikning Hestfest. Fyrri daginn sýndi Sjöfn frá úrslitum í tölti á fjórðungsmótinu í Borganesi og hinn daginn sýni hún frá hestaferð sem hún var í þar sem riðið var með nokkuð stóran rekstur, en slíkt þykir nokkuð merkilegt hjá flestum öðrum þjóðum. Vonum við að Hestfest muni vera haldið aftur á næsta ári og komi til með að festa sig jafnvel í sessi. Virkilega áhugavert og skemmtilegt framtak.



ÆSKULÝÐSBIKAR LH

Hinn eftirsótti Æskulýðsbikar LH er afhentur því félagi sem skara hefur þótt fram úr í æskulýðsstarfi á árinu og hefur verið afhentur frá 1996. Þetta er ein sú æðsta viðurkenning sem hægt er að hlotnast fyrir æskulýðsstarf félaganna og metnaðarfullt æskulýðsstarf skiptir gríðarlegu fyrir framtíð félaganna. Ef ekki er hlúið að æsku félaganna verða engir eftir til að halda við grasrót félaganna né til að heiðra þá sem rutt hafa brautina þegar fram líða stundir. Nefndin heldur því staðfastlega fram að æskulýðsstarfið sé mikilvægasta starf hvers félags.

Æskulýðsnefnd Lands sambandsins velur handahafa bikarsins úr þeim skýrslum sem berast og bárust í ár alls 12 skýrslur. Skemmtilegar aflestrar og allflestar vel uppsettar með ljósmyndum úr starfinu. Nefndin hefði gjarnan viljað sjá skýrslur frá fleiri félögum því jafnan hafa félögin verið dugleg að skila inn skýrslum en vill þó þakka öllum þeim félögum sem skiluðu inn skýrslu í ár því eins og allir vita hefur starf félaganna verið litað af heimsfaraldri síðustu tvö ár. Það er ánægjulegt að sjá í skýrslunum að félög eru byrjuð að stíga skref í þá átt að líta á sig sem íþróttafélög og bjóða upp á markvissar æfingar, líkt og gert er í öðrum íþróttagreinum. Nefndin telur það skref í rétta átt fyrir íþróttina og að með þeirri stefnu muni greinin vaxa og dafna til framtíðar.

Þau félög sem hlotið hafa æskulýðsbikarinn til þessa:

1996 Léttir	2002 Smári	2008 Þytur	2014 Fákur	2020 Hornfirðingur
1997 Gustur	2003 Fákur	2009 Dreyri	2015 Sprettur	2021???
1998 Sörli	2004 Blær	2010 Logi	2016 Sörli	
1999 Hörður	2005 Andvari	2011 Hörður	2017 Brimfaxi	
2000 Freyfaxi	2006 Léttir	2012 Sleipnir	2018 Hringur	
2001 Máni	2007 Máni	2013 Sindri	2019 Geysir	

F.h. Æskulýðsnefndar LH,

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir formaður